

Kennsluáætlun haustið 2019

Samfélagsfræði í 8. og 9. bekk

Í samfélagsfræði eru 3 kennslustundir á viku í 8. og 9. bekk. Kennari er Guðrún Gunnarsdóttir Michelsen.

Vinnulag

Í samfélagsfræði er áhersla lögð á þátttöku nemenda í umræðum. Nemendur lesa texta, ýmist heima eða lesa saman í tíma. Vinna verkefni um hvern kafla. Nemendur vinna sjálfstætt og einnig í hóp að kynningum og myndbandi um ákveðið viðfangsefni úr bókinni. Nemendur þjálfast í gagnrýnni hugsun og í framsögu. Upplýsingar um heimalestur er aðgengilegur í heimavinnuáætlun nemenda í Mentor.

Meginviðfangsefni september og október eru: Sögueyjan 1. hefti (870 – 1520) „Blessað stríðið“

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Saga Íslands Frá landnámi til ársins 1520.	Sögueyjan 1. hefti 870-1520	Nemandi geti: - greint frá landnámi Íslands og landnámsmönnum. - Samskiptum við aðrar þjóðir. - Greint frá stofnun Alþingis og greint frá falli þjóðveldisins. - Greint frá landafundum Íslendinga. - Greint frá trúarbrögðum á landnámsöld og í framhaldi kristnitökunnar. - Greint frá ritöld, helstu rit bókmennta.	Umræður og framsaga Glærukynning Verkefnahefti Myndband Umræður

		• Greint frá norrænu konungsvaldi. Þegar Íslendingar urðu þegnar Noregs og síðar Danmerkur. • Greint frá áhrifum svarta dauða. • Unnið með örðum og sýnt jákvæðni í samskiptum. • Aflað sér heimilda og búið til heimildskrá.	
Áhrif seinni heimstyrjaldarinnar á Íslandi.	„Blessað stríðið“	• Þekkt til helfararinnar, þjóðarmorga og ofsókna gegn minnihlutahópum í aðdraganda og í síðari heimstyrjöldinni. • Þekkt mismunandi hlutskipti þjóða og minnihlutahópa á styrjaldarárunum. • Borið saman stöðu íslenskra kvenna á á 19. og 20. Öld. Til dæmis í „ástandinu“ á stríðsárunum. • Sagt frá hernáminu á Íslandi og áhrifum þess á íslenskt samfélag.	Ritgerð Veggspjald Umræður og framsaga

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok

Með ósk um gott gengi,

Guðrún Gunnarsdóttir Michelsen